

Fundur haldinn í félagsheimilinu Ásgarði föstudaginn 8. Apríl 2022, klukkan 11:00

Mætt: Kristín Ósk Ómarsdóttir, formaður kjörnefndar Ásahrepp, aðalmenn Hulda Brynjólfsdóttir og Benedikt Elvar Jónsson boðuðu forföll og varamenn Renate Hanneman og Asa Ljungberg því kallaðar inn. Kristín Ósk ritar fundargerð

Til fundarins var boðað samkvæmt auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins og í Búkollu til móttöku á framboðslistum vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara þann 14. Maí næstkomandi. Frestur til að skila inn framboðum rennur út á hádegi, klukkan 12, í dag 8. apríl. Ef kemur til óbundinna kosninga geta þeir sem setið hafa í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur skorast undan kjöri. Þeir sem uppfylla skilyrði um slíkt verða að tilkynna það kjörstjórn fyrir lok framboðsfrests.

1. Engir framboðslistar bárust fyrir klukkan 12. Því fara fram óbundnar kosningar í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði 49. gr. Kosningalaga nr. 112/2021.
2. Fyrir lok framboðsfrests bárust erindi frá einstaklingum sem skorast undan endurkjöri í samræmi við ákvæði 49. gr. Kosningalaga nr. 112/2021 þar sem segir:

*Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrir en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfelld sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn sveitarfélags áður en framboðsfrestur rennur út að hann skorist undan endurkjöri.*

Eftirtaldir aðilar uppfylla skilyrði um að skorast undan endurkjöri:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hestási

Brynja Jóna Jónasdóttir, Kálfholti 1 K1

Egill Sigurðsson, Berustöðum

Guðmundur Jóhann Gíslason, Hárlaugsstöðum 2

3. Þá barst erindi frá Renate Hanneman, Herríðarhóli, þar sem hún skorast undan endurkjöri, enda hafi hún áður setið 9 ár í sveitarstjórn. Þar sem ekki er ljóst hvort tímabilið teljist samfelld í skilningi laganna mun formaður kjörstjórnar leita ráðgjafar og kjörstjórn funda aftur síðar í dag og afgreiða beiðni hennar.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:05

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Renate Hanneman

Asa Ljungberg